

SAMORKA

**20** ÁRSSKÝRSLA  
**20**

## ÁRSSKÝRSLA SAMORKU 2020

### ÁBYRGÐ

Lovísa Árnadóttir

### HÖNNUN OG UMBROT

Jökulá ehf.

### PRENTUN:

Prentsmiðjan Litróf ehf.

Útgefið af Samorku í mars 2020

Rit þetta má afrita án þess að leita samþykkis en vinsamlega getið heimildar. Rafræna útgáfu ritsins má nálgast á vefsíðu Samorku

### UM SAMORKU

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi

### SAMORKA

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

SÍMI: 588 4430

NETFANG: [samorka@samorka.is](mailto:samorka@samorka.is)

VEFSÍÐA: [www.samorka.is](http://www.samorka.is)

## ÁRSSKÝRSLA 2020

**SAMORKA**

# EFNISYFIRLIT

---

## 01

---

Starfsárið í hnotskurn 06

## 02

---

Stjórn Samorku 08

Starfsfólk 09

## 03

---

Aðildarfélagar / Aukafélagar 11

## 04

---

Kynningarmál 18

## 05

---

Viðburðir 21

## 06

---

Innra starf 33

## 07

---

Málsvari 45

## 08

---

Ársreikningur ársins 2019 62

# STARFSÁRIÐ Í HNOTSKURN

Starfsárið hefur verið viðburðaríkt. Sem fyrr hefur stjórn Samorku fjallað um ýmis stór og mikilvæg mál sem snúa að orku- og veitustarfseminni og þeirri lagaumgjörð sem henni er mörkuð. Má þar til dæmis nefna loftslagsmálin, vinnu við ívilnanir til að styðja nauðsynlegar úrbætur á fráveitum víða um land, leyfileg arðsemi vatnsveitna, hugmyndir um hálendisþjóðgarð, hugmyndir um aukna skattlagningu orku- og veitumannvirkja, nauðsynlega styrkingu flutnings- og dreifikerfa rafmagns og endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Enn fremur hefur orkuöryggi og orkuþörf samfélagsins verið mikið til umræðu og margt fleira. Mótun orkustefnu fyrir Ísland er eitt stærsta málið þessi misserin. Þar hefur Samorka, með orkustefnuhóp Samorku, talað fyrir skýrri og gagnsærra orkustefnu sem markar framtíðarspor og stefnu Íslands næstu áratuginna. Nokkrar breytingar urðu á stjórn Samorku á árinu og er fráfarandi stjórnarmeðlimum þökkuð vel unnin störf.

Inna starfið var sem fyrr öflugt og mátti m.a. sjá það á glæsilegu Fagþingi rafmagns í Reykjanesbæ í maí. Metaðsókn var að þinginu, sem sýnir að fyrirkomulag þingsins og metnaðarfull dagskrá fellur starfsfólki aðildarfyrirtækja vel í geð. Framkvæmda- og tæknidagurinn, sem haldinn var í fyrsta sinn árið áður á Fagþingi hita-, vatns- og fráveitna og ætlaður er starfsfólki aðildarfyrirtækja sem vinnur í framkvæmdum, mæltist einnig vel fyrir á Fagþingi rafmagns. Hann er því kominn til að vera á næstu Fagþingum.

Málsvarahlutverkið er eitt af meginstöðum í starfsemi Samorku. Á liðnu ári gerði Samorka tugir umsagna við ýmis mál sem upp komu, sérstaklega gegnum samráðsgátt stjórnvalda. Samorka hefur þannig tekið hitann og þungann af aðildarfyrirtækjunum sem treysta orðið á að Samorka, með sinni fagþekkingu og stuðningi frá hinum ýmsu vinnuhópum, nái að upplýsa stjórnsýsluna um sjónarmið orku- og veitugeirans.

Samorka hefur áfram átt góð samskipti við starfsfólk stofnana og ráðuneyta á starfsárinu og átt þess kost að fara yfir áherslumál sín með ráðherrum þeirra málaflokka sem snerta málsvarahlutverk samtakanna. Á sama hátt hefur Samorka haft tækifæri til að kynna þingflokkum áherslumál orku- og veitugeirans með það að markmiði að dýpka umræðuna og upplýsa. Áhersla Samorku er sem fyrr að fá að koma sem fyrst að málum, þannig að þau verði skoðuð út frá ólíkum hagsmunum og mismunandi sjónarmiðum. Við teljum að traust stjórnsýslunnar til Samorku hafi aukist enda höfum við lagt upp úr því að vera hófsöm og heiðarleg í okkar málflutningi.

Starf Samorku mótast mjög af líðandi stundu og hafa breytingar kallað á stofnun nýrra verkefna- og vinnuhópa í takt við málefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Mikilvægi þessara hópa og ráða fyrir Samorku og aðildarfélög mátti glöggst sjá á desemberfundi samtakanna, þar sem yfirgripsmikið starf þeirra var kynnt. Alls eiga á annað

hundrað fulltrúar frá aðildarfyrirtækjum sæti í ráðum og hópum Samorku, sem eru 27 talsins, og að meðaltali er haldinn einn fundur á hverjum degi. Svo viðtækt starf er einsdæmi sé litið til sambærilegra samtaka.

Kynningarstarfið er í stöðugri sókn og á árinu voru haldnir fjölmargir viðburðir á vegum Samorku og/eða í samvinnu við aðra. Þá hófst einnig framleiðsla að nýju kynningarefni fyrir Samorku, sem miðar að því að sýna orku- og veitugeirann í jákvæðu ljósi. Vonast er til að með kynningarefninu sjáist vel þau fjölbreyttu og mikilvægu viðfangsefni sem fengist er við innan geirans og laði fleiri að til menntunar og starfa innan hans.

Mikilvægt er að Samorka, fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, verði á hverjum tíma virkur og öflugur þátttakandi í umræðu um málefni orku- veitufyrirtækja sem eru um margt tímalaus. Meginmarkmiðið er að uppfylla þarfir Íslendinga á hverjum tíma fyrir rafmagn og dreifingu þess, fyrir hreint neysluvatn, fyrir heitt vatn og fyrir fráveitur, á ábyrgan og umhverfisvænan hátt. Mikilvægt er að stjórnvöld skapi orku- og veitufyrirtækjunum skýra umgjörð til að sinna þessum meginmarkmiðum til framtíðar. Í alþjóðlegu samhengi verða orku- og veitufyrirtæki áfram í lykilhlutverki í þeim áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í þeim skuldbindingum sem stjórnvöld hafa skrifað undir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum í heiminum.

Húsnæði Samorku var stækkað og endurbætt á árinu. Eftir breytingarnar búa samtökin nú að fyrirmyndar vinnuástöðu fyrir starfsfólk Samorku í opnu rými og um leið bættri aðstöðu fyrir aðildarfélaga. Starfsfólk aðildarfélaga er hvatt til að heimsækja starfstöð Samorku og nýta sér aðstöðuna. Þá styrktist starfsmannahópin á árinu. Starfsmenn eru nú sex talsins og teljum við að nú séu samtökin vel og rétt mönnuð til að takast á við það hlutverk sem Samorku er ætlað að sinna.

Við þökkum öllum aðildarfélögum Samorku fyrir samstarfið á starfsárinu og þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plöginn í starfinu.



# STJÓRN SAMORKU

KJÖRIN Á AÐALFUNDI 6. MARS 2019



**Helgi Jóhannesson**  
FORMADUR



**Berglind Rán Ólafsdóttir**  
VARAFORMADUR



**Guðmundur Ingi Ásmundsson**  
RITARI



**Jóhanna B. Hansen**  
GJALDKERI



**Ásgeir Margeirsson**  
MEÐSTJÓRNANDI



**Inga Dóra Hrólfsdóttir**  
MEÐSTJÓRNANDI



**Ragna Árnadóttir**  
MEÐSTJÓRNANDI

# STARFSFÓLK



**Páll Erland**  
FRAMKVEMDASTJÓRI



**Baldur Dýrfjörð**  
SAMVINNA VIÐ STJÓRNVÖLD  
OG HAGDILA



**Gyða Mjöll Ingólfssdóttir**  
UMSJÓN FAGHÖPA




**Ingvar Freyr Ingvarsson**  
GREININGAR OG HAGTÖLUR



**Lovísa Árnadóttir**  
KYNNINGARMÁL



**Sigurjón N. Kjærnestad**  
ÞEKINGARMIDLUN OG  
INNRA STARF



Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi.  
Aðildarfyrirtæki eru um 50 talsins og hafa starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

Stefna Samorku: Þekking og trúverðugleiki, öflugt innra starf og miðlun þekkingar og reynslu, gagnkvæmt traust og virkni í samstarfi við stjórnvöld.

Hlutverk: Að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi og hagsmuni orku- og veitufyrirtækja og styrkja þannig stöðu þeirra og rekstur.

Framtíðarsýn: Að samtökin séu áhrifaríkur málsvari orku- og veitugeirans sem njóti trausts almennings og stjórnvalda sem leiði til farsællar þróunar orku- og veitumála.

## AÐILDARFÉLAGAR

- Bláskógabyggð ● Fallorka ● Fráveita Hafnarfjarðar ● Fráveita Reykjanesbæjar ● Hita-, vatns- og fráveita Dalvíkur
- Hita-, vatns- og fráveita Fjarðabyggðar ● Hita-, vatns- og fráveita Húnaþings vestra ● Hita-, vatns- og fráveita Mosfellsbæjar
- Hitaveita Egilsstaða og Fella ● Hitaveita Flúða og nágrennis ● Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps ● Hitaveita Seltjarnarness
- Hitaveitufélag Gnúpverjahrepps ● Hornafjarðarveitur ● HS Orka ● HS Veitur ● Kjósarveitur ● Landsnet
- Landsvirkjun ● Múlavirkjun ● Norðurorka ● Orka náttúrunnar ● Orkubú Vestfjarða ● Orkusalan
- Orkuveita Húsavíkur ● Orkuveita Reykjavíkur ● RARIK ● Selfossveitur ● Skagafjarðarveitur
- Vatns- og fráveita Árborgar ● Vatns- og fráveita Fjallabyggðar ● Vatns- og fráveita Garðabæjar
- Vatns- og fráveita Grindavíkur ● Vatns- og fráveita Hveragerðis ● Vatns- og fráveita ISAVIA
- Vatns- og fráveita Kópavogsbæjar ● Vatns- og fráveita Rangárbings eystra
- Vatns- og fráveita Seltjarnarness ● Vatns- og fráveita Seyðisfjarðarkaupstaðar
- Vatns- og fráveita Skagastrandar ● Vatns- og fráveita Þórshafnarhrepps
- Vatnsveita Blönduóss ● Vatnsveita Hafnarfjarðar ● Vatnsveita Ísafjarðar
- Vatnsveita Þorlákshafnar ● Veitur ● Veitustofnun Skútustaðahrepps

## AUKAFÉLAGAR

- Alcoa Fjarðaál ● Arctic Hydro
- EFLA ● Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Íslensk orkumiðlun ● ÍSOR ● Vesturverk
- Mannvit ● Netorka ● Norðurál
- Orkustofnun ● Rio Tinto á Íslandi
- Verkís ● Zephyr á Íslandi

# MEGINVERKEFNI

## KYNNINGARMÁL Söfnun, greining og miðlun upplýsinga

- Fylgjast með og leitast við að tryggja að opinberar upplýsingar séu viðeigandi og tímanlegar
- Safna upplýsingum og miðla eftir því sem það er mögulegt
- Stunda og stuðla að greiningum og rannsóknum sem halda á lofti þjóðhagslegum ávinningi og almennum lífsgæðum

## FÉLAGSSTARF Innra starf og miðlun reynslu og þekkingar

- Stuðla að innri tengslum og samkennd meðal starfsmanna aðildarfyrirtækja
- Miðla „best practice“ og þekkingu meðal félagsmanna og út á við eftir því sem er viðeigandi
- Virkja starfsmenn aðildarfyrirtækja til þess að fjalla um stefnumótandi mál á borði samtakanna hverju sinni
- Leita leiða til þess að auka samstarf með nýjustu tækni

## MÁL SVARI Traustur og virtur samstarfsaðili stjórnvalda

- Frumkvæði að samskiptum við stjórnvöld að því er varðar laga- og reglugerðarumhverfi
- Leiðandi umsagnaraðili um opinbera stefnumótun
- Jákvæð samvinna og nálgun varðandi umræðu um álitamál sem varða greinina







# FAGLEGT STARF Í FAGRÁÐUM OG HÓPUM

## RÁÐGJAFARÁÐ

|                           |                             |
|---------------------------|-----------------------------|
| Ráðgjafaráð orkufyrirtæka | Ráðgjafaráð veitufyrirtækja |
|---------------------------|-----------------------------|

## FAGRÁÐ

|                |                 |
|----------------|-----------------|
| Fráveitufagráð | Hitaveitufagráð |
|----------------|-----------------|

|                |                  |
|----------------|------------------|
| Rafveitufagráð | Vatnsveitufagráð |
|----------------|------------------|

|              |            |
|--------------|------------|
| Umhverfisráð | Öryggisráð |
|--------------|------------|

## FAGHÓPAR

|                            |                     |
|----------------------------|---------------------|
| Gæða- og skjalastjórahópur | Innkaupastjórahópur |
|----------------------------|---------------------|

|               |                          |
|---------------|--------------------------|
| Mannauðshópur | Faghópur um samskiptamál |
|---------------|--------------------------|

|                              |                |
|------------------------------|----------------|
| Faghópur um verkefnastjórnun | Greiningahópur |
|------------------------------|----------------|

|                           |             |
|---------------------------|-------------|
| Laga- og reglugerðarhópur | Spennahópur |
|---------------------------|-------------|

|                     |  |
|---------------------|--|
| Fjármálastjórahópur |  |
|---------------------|--|

## MÁLEFNAHÓPAR

|                 |                 |
|-----------------|-----------------|
| Snjallmælahópur | Orkuskiptahópur |
|-----------------|-----------------|

|               |  |
|---------------|--|
| Vindorkuhópur |  |
|---------------|--|

## VERKEFNAHÓPAR

|   |  |
|---|--|
| Vinnuhópur um úrbætur á regluverki framkvæmda | Vinnuhópur um skattlagningu orkumannvirkja |
|---|--|

|                 |                  |
|-----------------|------------------|
| Orkustefnuhópur | Miðhálandishópur |
|-----------------|------------------|


|                 |                     |
|-----------------|---------------------|
| Netöryggishópur | Persónuverndarhópur |
|-----------------|---------------------|

|   |  |
|---|--|
| Vinnuhópur vegna samræmingar á gjaldskrárlíðum dreifiveitna raforku |  |
|---|--|

# MÁLEFNAÁHERSLUR SAMORKU

Stjórn Samorku samþykkti á árinu nýjar málefnaáherslur fyrir samtökin næstu misserin. Viðfangsefni hjá fjölbreyttum aðildarfyrirtækjum eru mörg og er áherslunum ætlað að gera starf Samorku enn markvissara.

## BÆTT UPPLÝSINGAGJÖF TIL ALMENNINGS AUKIÐ TRAUST TIL ORKU- OG VEITUGEIRANS



# KYNNINGARMÁL

## GREININGAR

Greiningar eru mikilvægur hluti af starfi Samorku. Þær geta stutt við stefnumótun samtakanna og orðið að gagni við stefnumótun stjórnvalda í mikilvægum málum. Þá geta þær einnig dýpkað skilning á viðfangsefnum og styrkt skilaboð á opnum fundum til almennings og fjölmiðla.

## YFIRLIT YFIR FYRIRKOMULAG FJÁRMAGNSKOSTNAÐAR VATNSVEITNA NÁGRANNARÍKJA

Samorka kynnti greiningu á fjármagnskostnaði vatnsveitna nágrannaríkja á sameiginlegum fundi Samorku og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í framhaldi af þeirri greiningu hafa Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga unnið tillögur að breytingum á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sem vonir standa til að komi fram á yfirstandandi þingi til að tryggja að lagaheimildir varðandi setningu gjaldskráa vatnsveitna séu skýrar.

## EINBLÖÐUNGUR UM ORKUSKIPTI

Greininga- og orkuskiptahópur Samorku hófu á árinu vinnu við að greina nauðsynlega innviðaupbyggingu vegna orkuskipta til að standast skuldbindingar Parísarsamningsins. Niðurstöðurnar verða kynntar á ársfundi Samorku um orkuskipti og verða settar fram á einblöðungi sem dreift verður til fundargesta. Til dæmis verður sýnt hvers konar orkuskipti þurfa að eiga sér stað til að ná markmiðum Parísarsamningsins 2030 og hvað það kallar á í raforku/afla og eins fyrir heildarorkuskipti, þar sem skipt er út innfluttu jarðefnaeldsneyti sem er til innanlandsnota fyrir innlenda hreinorkugjafa miðað við orkunotkun 2030 og hvað það kallar á í raforku/afla.

## SAMANBURÐUR Á NEYSLUÚTGJÖLDUM HEIMILA

Samorka hélt áfram að bera saman verð fyrir orku- og veitubjónustu heimila í höfuðborgum Norðurlandanna á árinu 2019 og mun birta uppfærslu á samanburði á verði fyrir rafmagn, kalt vatn og fráveitu. Allar þessar greiningar má sjá á heimasíðu Samorku.

## NIÐURSTÖÐUR ÚR NÝRRI RANNSÓKN SAMORKU UM HLEÐSLU RAFBÍLA

Á árinu lauk gagnasöfnun í nýrri rannsókn Samorku, þar sem tvö hundruð eigendum raf- og tengiltvinnbíla var boðin þátttaka í nýrri rannsókn á vegum Samorku, til að kanna hvernig þeir hlaða bílana sína. Rannsóknin var unnin í samvinnu við kanadíska fyrirtækið FleetCarma og markmið hennar var að afla upplýsinga um áhrif rafbíla á raforkukerfið, hvernig fyrirkomulagi á hleðslu þeirra er háttað og þar með á ákvarðanir um uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í samgöngum.

## ORKUSKIPTI Í HAFTENGDRÍ STARFSEMI

Á vettvangi orkuskiptahóps Samorku var undirbúin og sett í gang sameiginleg rannsókn orku- og veitufyrirtækjanna á orkuskiptum í haftengdri starfsemi. Greindar verða sviðsmyndir um framtíðareldsneyti íslenska skipaflotans, en afurðin verður spá um líklegar sviðsmyndir fyrir orkugjafa íslenska flotans árin 2030, 2040 og 2050, þar sem stærð og notkun skips segir til um mögulega orkugjafa, til dæmis rafmagn, vetni, LNG, metanól, lífdísill og ammóníak. Hugmyndin er að rannsóknin geti legið til grundvallar við mat á innlendri orkupörf og nauðsynlegri innviðaupbyggingu til framtíðar. Breska ráðgjafafyrirtækið UMAS – University Maritime Advisory Services – mun sjá um greininguna, sem er fjármögnuð af orku- og veitufyrirtækjunum, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Samorku.





# VIÐBURÐIR

## ÁRSFUNDUR 2019

Opinn ársfundur Samorku 2019 var haldinn 6. mars á Grand hótél Reykjavík undir yfirskriftinni Orkustefna í mótun. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, ávarpaði fundargesti auk Helga Jóhannessonar, formanns Samorku. Guðrún Sævarsdóttir, formaður starfshóps stjórnvalda um gerð orkustefnu, sagði frá vinnu starfshóps um mótun orkustefnu og hvert upplagg hans væri frá stjórnvöldum. Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku, flutti einnig erindi þar sem hann ræddi um mikilvægi þess að áherslur orkustefnu væru skýrar og þjóðinni kunnar. Nefndi hann meðal annars orkuöryggi þjóðarinnar, samkeppnishæfni og loftslagsmál sem orkustefna þyrfti að taka á og tryggja þyrfti samfélaginu öllu ávinninginn af orku- og auðlindanýtingu. Toril Johanne Svaan frá orkumálaráðuneyti Noregs deildi reynslu Norðmanna af mótun orkustefnu, hvaða þátta þeir hafi litið til við gerð hennar og helstu áherslna.

## SAMSTARFSVETTVA NGUR UM LOFTSLAGSMÁL OG GRÆNAR LAUSNIR

Samorka var eitt stofnfélaga að samstarfsvettvangi um loftslagsmál og grænar lausnir, sem vinnur að því markmiði að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr

losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að kolefnishlutleysi árið 2040. Auk þess verður unnið með fyrirtækjum að markaðssetningu grænna lausna á alþjóðamarkaði og einnig á samstarfsvettvangurinn að styðja við orðspor Íslands sem leiðandi lands á sviði sjálfbærni. Stofnfundur samstarfsvettvangsins var haldinn 19. september og var húsfyllir, eða um 200 manns. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, var meðal þeirra sem ávörpuðu fundinn. Vettvangurinn hefur nú hlotið nafnið Grænvangur og forstöðumaður hans er Eggert Benedikt Guðmundsson.

## FAGÞING 2019

Fagþing rafmagns var haldið dagana 22.–24. maí á Park Inn hótelinu í Keflavík, Reykjanesbæ. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá með um 90 erindum sem voru ýmist í sameiginlegum málstofum eða um sértæka þætti framleiðslu, dreifingu, flutning og sölu á rafmagni. Við setningu þingsins talaði Jón Gunnarsson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, um orkumál frá sjónarhóli stjórnvalda auk þess sem Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri og Helgi Jóhannesson, formaður Samorku, fluttu ávarp. Eftir vel heppnaðan framkvæmda- og tæknidag á fagþingi veitna sem tileinkaður var framkvæmda- og tæknifólki



Í aðildarfélögum Samorku var ákveðið að endurtaka leikinn á fagþingi rafmagns. Eftir fyrirlestra um tækniþróun, öryggismál og fleira var keppt í ýmsum greinum, góðri blöndu af gamni og alvöru, eins og samsetningu á heimlagmarkaði, uppsetningu á búnaði í götuskáp, mælaskiptum og stígvélakasti. Alls tóku níu lið þátt í fagkeppninni. Þau voru frá Norðurorku, HS Veitum, Veitum, RARIK, Landsneti og Orkubúi Vestfjarða. Gunnar Sigurðarson, eða Gunnar á Völlum, lýsti því sem fram fór. Bestum samanlögðum árangri náði lið RARIK, sem hlaut því titilinn Fagmeistari Samorku 2019. Þá var einnig boðið upp á vöru- og þjónustusýningu þar sem samstarfsaðilar orkufyrirtækjanna kynntu vörur sínar og þjónustu.

## UMHVERFISDAGUR ATVINNULÍFSINS

Umhverfisdagur atvinnulífsins er árlegur viðburður en að honum standa Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu. Tilgangurinn með viðburðinum er að vekja athygli á fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel í umhverfismálum. Að þessu sinni var Umhverfisdagurinn haldinn þann 9. október í Norðurljósum í Hörpu og var dagskránni skipt í tvo hluta með kaffihléi á milli. Gestur Pétursson, forstjóri Veitna, var meðal þeirra sem fluttu erindi á fundinum. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti Umhverfisverðlaun atvinnulífsins við hátíðlega athöfn. Í dómnefnd sátu Ragna Sara Jónsdóttir sem jafnframt var formaður dómnefndar, Bryndís Skúladóttir efnaverkfræðingur

og Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fundarstjóri Umhverfis dags atvinnulífsins var Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku en hún situr jafnframt í undirbúningsnefnd viðburðarins fyrir hönd Samorku. Umhverfisfyrirtæki ársins 2019 er Brim en Krónan hlaut viðurkenningu fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála.

## ALÞJÓÐLEGA HITAVEITU-RÁÐSTEFNAN SDEC

Dagana 23.–25. október 2019 var alþjóðlega hitaveituráðstefnan „Sustainable District Energy Conference“ haldin í Reykjavík. Þetta var í fyrsta sinn sem ráðstefnan fór fram hér á landi og hana sóttu rúmlega 200 þátttakendur frá 25 mismunandi löndum. Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, og Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, voru meðal þeirra sem ávörpuðu ráðstefnugesti við opnun hennar. Tilgangurinn með ráðstefnunni er að búa til samstarfsvettvang Evrópuþjóða í rannsóknum og þróun á endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir hita- og kæliveitur. Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi hélt ráðstefnuna í samstarfi við íslenska orkuklasann. Samhliða ráðstefnunni voru verðlaunin Global District Energy Climate Awards veitt í sjötta skipti. Samtökin Euroheat & Power og EGEC, European Geothermal Energy Council, standa að verðlaununum ár hvert en bæði samtökin hafa það að markmiði að auka samkeppnishæfni endurnýjanlegra orkugjafa. Verðlaunin eru veitt þeim sem þykja skara fram úr í vinnslu og nýtingu á endurnýjanlegri orku.

## FRÆÐSLUFUNDUR UM ARÐSEMI VATNSVEITNA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið úrskurðaði á starfsárinu um gildi gjaldskrár vatnsveitu og þar með hvaða forsendur skuli leggja til grundvallar setningu gjaldskráa. Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga héldu sameiginlegan kynningarfund fyrir aðildarfélaga Samorku þar sem farið var nánar yfir málið og næstu skref. Erindi á fundinum fluttu Elín Smáradóttir, lögfræðingur Orkuveitu Reykjavíkur, Baldur Dýrfjörð, lögfræðingur Samorku, Ingvar Freyr Ingvarsson, hagfræðingur Samorku og Guðjón Bragason, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## FRÆÐSLUFUNDUR UM UPPRUNAÁBYRGÐIR RAFORKU

Í byrjun nóvember stóð Samorka fyrir fræðslufundi um upprunaábyrgðir raforku, oft kölluð græn skirteini, undir yfirskriftinni Dafnandi græn orka. Á fundinum tóku til máls Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, Eyrún Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Dóttir Consulting, Lovísa Árnadóttir upplýsingafulltrúi Samorku og Alexandra Münzer framkvæmdastjóri Greenfact. Halldór fór yfir loftslagsmál og loftslagsáðgerðir í stóru myndinni og hvernig kerfið um græn skirteini er eitt af mörgum verkfærum í verkfærakistunni í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Eyrún talaði um þátttakendur og virkni kerfisins um græn skirteini þar sem kom fram að kaupendur þeirra séu heimili og fyrirtæki í Evrópu, sem sækist eftir því að nota græna raforku. Lovísa talaði meðal annars um fjárhagslegan ávinning Íslands sem er töluverður í þessu kerfi og að líta eigi á það sem tækifæri til að hámarka verðmæti þeirrar





orku sem hér er framleidd. Að lokum talaði Alexandra um hvernig markaðurinn virkar og hvernig verð grænna skírteina hefur þróast í gegnum tíðina. Fundarstjóri var Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri greininga hjá Íslandsbanka.

## DESEMBERFUNDUR

Árlegur desemberfundur Samorku var haldinn þann 28. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica. Líkt og í fyrra var umfjöllunarefnið það öfluga starf sem unnið er í ráðum og hópum innan Samorku og mikilvægi þess fyrir samtökin. Fulltrúar frá sjö ráðum og hópum kynntu það sem efst er á baugi hjá þeim og fóru yfir starfið í stuttu máli. Helgi Jóhannesson, formaður Samorku, ávarpaði fundinn og Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, flutti erindi. Þá flutti Snjólaug Ólafsdóttir, umhverfisverkfræðingur og markþjálfari, fundargestum jólahugvekju um hvernig má undirbúa jól og njóta þeirra án loftslagskvíða og neysluskammar. Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, fagstjóri ráða og hópa hjá Samorku, stýrði fundinum. Í lok fundarins var boðið upp á samverustund með jólaíavafi.

## MENNTADAGUR ATVINNULÍFSINS

Menntadagur atvinnulífsins er árlegur viðburður Samtaka atvinnulífsins, Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu og var að þessu sinni haldinn þann 14. febrúar í Hörpu. Umfjöllunarefni dagsins

í ár var sköpun og fjallað um hugtakið í víðu samhengi. Dagskráin skiptist upp í tvo hluta. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpaði fundargesti og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Menntaverðlaun atvinnulífsins sem veitt eru fyrirtækjum sem skara fram úr í fræðslu- og menntamálum. Orkuveita Reykjavíkur var útnefnd Menntafyrirtæki ársins og Samkaup var Menntasproti ársins. Baldur Dýrfjörð, lögfræðingur Samorku, situr í vinnuhóp Menntadagsins fyrir hönd Samorku.

## FRAMVARÐARSVEIT Í FÁRVIÐRI Á DEGI RAFMAGNSINS

Orku- og veitufyrirtækin stóðu í ströngu við að bregðast við rýsjóttu vetrarveðri á síðari hluta starfsársins. Í tilefni af degi rafmagnsins, sem haldinn er hátíðlegur á Norðurlöndunum 23. janúar ár hvert, hélt Samorka opinn fund um afleiðingar ofsaveðurs sem gekk yfir landið í desember, þar sem fundargestir fengu að heyra frásagnir og sjá myndefni frá þeim verkefnum sem framvarðarsveit orku- og veitufyrirtækja sinnti við erfið skilyrði. Fundurinn var vel sóttur og vakti töluverða athygli fjölmiðla. Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets og Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK fluttu erindi á fundinum ásamt Malín Frid, sem var ein þeirra línumannanna sem stóðu vaktina í óveðrinu og handhafi titilsins Harðasti iðnaðarmaður ársins 2019. Þá talaði Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, um starfshóp stjórnvalda um úrbætur á innviðum sem hann veitir forstöðu. Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku, stýrði fundinum.

## SAMSTARF VIÐ KÍO

Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku, er vara- maður í stjórn félagsins Konur í orkumálum, sem á árinu gaf út nýja skýrslu um stöðu kvenna í orku- og veitugeiranum á Íslandi. Skýrslan er önnur sinnar tegundar, en sú fyrsta kom út vorið 2017. Niðurstöður hennar voru kynntar á Fagþingi veitna í maí og sýndu þær breytingar frá fyrri skýrslu í átt að meira kynjajafnvægi í stjórnendastöðum hérlendis. Til dæmis er kynjahlutfall í stjórnnum stærstu aðildarfyrirtækja Samorku og stjórnarformanna jafnt og kvenkyns framkvæmda- og deildarstjórum hefur fjölgað. Hins vegar fjölga konum mjög hægt í stólum forstjóra. Lovísa kynnti niðurstöður skýrslunnar og jafnréttismál almennt innan orku- og veitugeirans í viðtali á Hringbraut ásamt Hildigunni H. Thorsteinsson hjá Orkuveitu Reykjavíkur. KÍO stóð einnig fyrir nokkrum viðburðum á starfsárinu og þeirra stærstur var opinn fundur um vindorku í nóvember undir yfirskriftinni „Meðbyr eða mótvindur?“ sem var afar vel sóttur. Þá veitti félagið nokkrum viðburðum Jafnréttisstimpil KÍO á árinu, en stimpillinn fá þeir viðburðir sem uppfylla ákveðin skilyrði um jafnt kynjahlutfall framsögumanna.

## VIÐBURÐIR Á VEGUM JHFÍ

Nokkrir viðburðir voru haldnir á vegum Jarðhitafélags Íslands, en Lovísa Árnadóttir hjá Samorku situr í stjórn félagsins. Í beinu framhaldi af hefðbundnum aðalfundarstörfum þann 29. apríl hófst vofundur JHFÍ, þar sem fjallað var um auðlindarannsóknir og eftirlit. Í nóvember var félagsmönnum boðið að koma og spjalla á óformlegum nótum um djúpbörðun á háhitasvæðum og nýtingu yfir-





hitaðs jarðhitavökva. Fulltrúar orkufyrirtækjanna sem standa að IDDP djúpbörunarverkefninu fluttu stutta framsögu og í framhaldinu var orðið gefið frjálst. Fyrirkomulagið þótti heppnast vel og var því aftur boðið til slíks fundar í febrúar 2020 undir yfirskriftinni Samkeppnishæfni jarðvarmans. Í desember var aðventufundur JHFÍ haldinn undir yfirskriftinni „Aftur í upprunann: Hitaveitur“ þar sem Sandra Snæbjörnsdóttir hjá Orkuveitu Reykjavíkur fjallaði um framtíðarsýn hitaveitu höfuðborgarsvæðisins, Sigurður Garðar Kristinsson hjá ÍSOR fjallaði um jarðhitaleit á Suðureyri og Jónas Ketilsson hjá Orkustofnun talaði um hagræn áhrif hitaveituvæðingar. Vordís Eiríksdóttir hjá Landsvirkjun stýrði fundinum.

## ÁRSFUNDUR VAFRÍ

Áhrif hnattrænnar hlýnunar á vatns- og fráveitur var umfjöllunarefni ársfundar Vatns- og fráveitufélags Íslands, sem haldinn var að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum félagsins þann 7. maí. Sandra Rán Ásgrímsdóttir, verkfræðingur hjá Mannviti, Fjóra Jóhannesdóttir, fagstjóri fráveitu hjá Veitum, og María Jóna Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Vatnaverkefni Háskóla Íslands, fluttu erindi um þær áskoranir sem blasa við vatns- og fráveitum vegna hnattrænnar hlýnunar og hvernig sjálfbærni getur leyst þann vanda. Baldur Dýrfjörð, lögfræðingur Samorku, situr í stjórn Vatns- og fráveitufélags Íslands.

## SAMORKA Í FRÉTTUM

Samorka var nefnd rúmlega 140 sinnum í fréttum á árinu. Langflestar þeirra tengdust umfjöllunum um viðburði

á vegum Samorku en auk þess um orkuskipti, orkustefnu, hálendisþjóðgarð, aukið vægi kvenna í orku- og veitufyrirtækjum landsins, ávinning af hitaveitu, stofnun Grænvangs, leyfilega arðsemi veitna og fleira. Fjölmíðlarnir voru af öllum toga; útvarp, sjónvarp, blöð og vefmiðlar. Umfjöllun um upprunaábyrgðir raforku var nokkuð áberandi í fjölmíðlum á síðari hluta starfsársins, bæði vegna fræðslufundar Samorku um málefnið og í kjölfar umfjöllunar fréttaskýringarþáttarins Kveiks á RÚV í febrúar. Á árinu birtust nokkrar greinar eftir starfsfólk Samorku í fjölmíðlum þar sem umfjöllunarefni voru fráveita, upprunaábyrgðir raforku, þriðju orkuskiptin og orkuinnviðir. Stefnt er að því að birta áfram reglulega greinar eftir starfsfólk Samorku í fjölmíðlum og fjölga þeim á starfsárinu.

## SAMSKIPTI VIÐ AÐILDARFÉLAGA OG AÐRA HAGAÐILA

Starfsfólk Samorku heimsótti aðildarfyrirtæki og fulltrúa sveitarfélaga á Norðurlandi í apríl 2019. Heimsóknirnar eru fyrsta skref að því markmiði að hitta öll aðildarfélög Samorku á heimavelli og kynna starfsemi í orku- og veitumálum betur á hverjum stað fyrir sig, auk þess að kynna starfsemina fyrir þeim veitum sem ekki eru nú þegar í Samorku. Samorka fundaði með fulltrúum í Húnaþingi vestra, á Blönduósi, Skagastönd, Dalvík, í Fjallabyggð og Skagafirði, Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandahreppi, Hörgársveit, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, á Húsavík og Akureyri. Stefnt er að því að heimsækja annan landshluta á árinu 2020.

Samorka heimsótti einnig systursamtök sín í Kaupmannahöfn, Dansk Energi, í desember til að fræðast meðal annars

um samstarf þeirra við aðildarfélög og stjórnýslu. Þá hitti starfsfólk Samorku fulltrúa State of Green þar sem fræðst var um útflutning á danskri orkuþekkingu og farið í heimsókn til HOFOR, sem er stærsta veitufyrirtæki Danmerkur og þjónustar allt Kaupmannahafnarvæðið. Þar fékk starfsfólk Samorku meðal annars að sjá og prófa gagnvirkt fræðslusetur sem notað er til að fræða skólabörn í borginni um virkni og mikilvægi fráveitu.

Samorka gaf út sex fréttabréf á árinu með upplýsingum um viðburði, starfsemi og fréttir. Tæplega 500 manns fá fréttabréf frá samtökunum og er meirihluti þeirra starfsfólk aðildarfyrirtækjanna. Stefnt er að því að fjölga áskrifendum enn meira, bæði meðal starfsfólks aðildarfélaga Samorku og annarra sem áhuga geta haft á mál-efnum orku- og veitugeirans. Þá er einnig stefnt að því að fjölga fréttabréfum og styrkja upplýsingaflæðið þar með betur.

Facebooksíða Samorku var nýtt í að auglýsa viðburði hjá samtökunum og aðra tengda viðburði og til að vekja athygli á ýmsum fréttum úr orku- og veitugeiranum. Síðan hefur tæplega 500 fylgjendur og fjölgaði þeim um 25% á starfsárinu. Þá er síðan einnig nýtt til að koma ákveðnum fréttum, greinum eða viðburðum á framfæri með auglýsingakaupum. Öllum opnum fundum Samorku er nú streymt á vef Samorku og eins er fræðslufundum Samorku streymt á lokuðu svæði. Fagþingin eru ekki send út á vefnum, en upptökur af erindum eru aðgengilegar fundargestum á lokuðu svæði. Á árinu hófst framleiðsla á nýju kynningarefni fyrir Samorku. Afraksturinn verður notaður í auglýsingar sem sýna orku- og veitugeirann í jákvæðu ljósi og minna á mikilvægi hans. Búist er við að auglýsingar fari að sjást snemma á næsta starfsári.







# INNRA STARF

## RÁÐGJAFARÁÐ

### RÁÐGJAFARÁÐ VEITUFYRIRTÆKJA

Í Ráðgjafaráði veitufyrirtækja eiga sæti forsvarsfólk veitufyrirtækja. Hlutverk ráðsins er að fjalla um starfsumhverfi veitufyrirtækjanna, svo sem lagaumgjörð og annað regluverk; að vera stjórn til ráðgjafar um hagsmunamál sem varða veitufyrirtækin og Samorku; að taka til umfjöllunar mál frá ráðum og hópum Samorku sem varða starfsemi veitufyrirtækja og að vinna almennt að málum sem hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfi og starfsemi veitufyrirtækja. Mikil vinna hefur verið unnin á vettvangi ráðsins og kraftur hefur verið í starfsemi þess. Ráðið hefur farið yfir mörg mikilvæg mál af vettvangi stjórnvalda, t.d. söluaðilaskipti, endurgreiðslu vsk. vegna fráveituframkvæmda, endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum; leyfilega arðsemi vatnsveitna, friðlýsingar, stofnun hálendisþjóðgarðs og Þjóðgarðastofnunar; vinna við gerð orkustefnu fyrir Ísland; breytingar á byggingarreglugerð og önnur mál sem tengjast orkuskiptum & önnur mál frá þingi og stjórnsýslu sem varða starfsemi ráðsins. Þá hafa ýmis mikilvæg mál verið sett í gang af ráðinu eða tekin til umræðu á vettvangi þess: Úrbætur á vegum v. vatnsverndar, samræming uppbyggingar gjaldskráa veitna, orkumarkaðsmál, skipulag SDEC 2019 – alþjóðlegar hitaveituráðstefnu á Íslandi; tekjumörk veitna; tilkynningar um notendaskipti; úrbætur

á iðnnámi og fjölgun nemenda; áhersluatriði Samorku í fráveitumálum, viðbúnaður vegna náttúruhamfara, söfnun upplýsinga um færanlegt varaafli veitufyrirtækjanna og ýmislegt annað tengt faglegu starfi Samorku og orku- og veitufyrirtækjanna.

### RÁÐGJAFARÁÐ ORKUFYRIRTÆKJA

Í Ráðgjafaráði orkufyrirtækja situr forsvarsfólk orkufyrirtækjanna eða staðgenglar þeirra. Hlutverk ráðsins er að fjalla um starfsumhverfi orkufyrirtækjanna, þar með talið lagaumgjörð og aðra stefnumarkandi þætti gagnvart Alþingi og stjórnvöldum og önnur atriði sem geta haft áhrif á starfsemi þeirra; að vera stjórn til ráðgjafar um hagsmunamál sem varða orkufyrirtækin og Samorku; að taka til umfjöllunar mál frá ráðum og hópum Samorku sem varða starfsemi orkufyrirtækja og að fjalla um önnur mál tengd starfsemi orkufyrirtækja og Samorku og vinna almennt að málum sem hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfi og starfsemi fyrirtækjanna. Eins og með Ráðgjafaráð veitufyrirtækja hefur verið kraftur í starfi ráðsins ýmis mál verið til umræðu í því. Af vettvangi stjórnvalda hafa t.d. verið tekin til umræðu söluaðilaskipti, vinna við gerð orkustefnu fyrir Ísland; vindorkumál, orkuskiptamál, rammaáætlun; endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum; friðlýsingar; þriðji orkupakkinn; stofnun hálendisþjóðgarðs

og Þjóðgarðastofnunar; önnur mál frá þingi og stjórnýslu sem varða starfsemi ráðsins.

## FAGRÁÐ

Fjögur fagráð starfa á vettvangi Samorku: Fráveitufagráð, Hitaveitufagráð, Rafveitufagráð og Vatnsveitufagráð. Hlutverk þeirra er m.a. að vera stjórn Samorku og Ráðgjafaráði veitufyrirtækja til ráðgjafar um málefni veitnanna; að taka þátt í málsvahalutverki samtakanna, t.d. með því að vinna umsagnir um tillögur að lagafrumvörpum, reglugerðum og fleiru; að deila þekkingu á milli veitnanna og miðla til þeirra; að vera samræðu- og samvinnuvettvangur veitnanna, þar sem mikilvæg hagsmunamál þeirra fá góða yfirferð og umræðu; að taka þátt í að móta stefnu fyrir Samorku í mikilvægum málefnum veitnanna; að vinna að fræðslu og upplýsingagjöf til samfélagsins um málefni veitna; að vinna að söfnun upplýsinga, greiningum og miðlun upplýsinga um veitumál og að vera til ráðgjafar þegar kemur að kynningarmálum samtakanna varðandi veitumál. Auk þess starfa innan Samorku Umhverfisráð og Öryggisráð sem eru sameiginlegur vettvangur aðildarfyrirtækjanna í sínum málaflokki.

## FRÁVEITUFAGRÁÐ

Á starfsárinu vann fráveitufagráðið áfram að ýmsum málafnum er snúa að starfsumhverfi fráveitna í samstarfi við stjórnvöld. Bar þar hæst vinnu fráveitufagráðsins um áherslu á að komið verði aftur á kostnaðarþátttöku ríkisins í fráveituframkvæmdum. Þá er þess enn beðið að umhverfis- og auðlindaráðuneytið gefi út nýja reglugerð um fráveitur og skólp, en drög að henni hafa legið fyrir

um þó nokkurn tíma. Þá tóku fulltrúar fagráðsins þátt í skipulagningu Norrænu fráveituráðstefnunnar (Nordiva) sem fram fór í Helsinki og skipulögð var sameiginleg ferð starfsfólks fráveitna á ráðstefnuna. Þótti þátttakendum að ráðstefnan hafi heppnast vel og var metþátttaka frá Íslandi sem vakti eftirtekt skipuleggjenda. Þar að auki var fjallað um ýmis mál í fagráðinu á árinu: Fráveituhandbók Samorku; örplastsmál; lyfjaleifar; sorpkvarnir, tæknilega tengiskilmála; þekkingarmiðlun; námskeiðshald og fræðslu tengda fráveitum og ýmis önnur mál.

## HITAVEITUFAGRÁÐ

Stærsta verkefni ráðsins var skipulagning Sustainable District Energy Conference 2019, stærstu alþjóðlegu hitaveitiráðstefnu sem haldin hefur verið á Íslandi. Ráðstefnan var skipulögð í samvinnu Samorku og Orkuklasans. Ráðstefnan var mjög vel sótt og gekk vel. Þá voru stór verkefni á árinu hjá ráðinu endurskoðun tæknilegra tengiskilmála hitaveitna og vinna með stjórnvöldum að þjóðaröryggismálum og viðbragðsáætlunum hitaveitna.

## RAFVEITUFAGRÁÐ

Rafveitufagráðið hefur fundað reglulega á árinu, en annir hjá fagráðsmeðlimum í kjölfar óveðurs í desember og janúar höfðu áhrif á starfið. Fjöldmörg málefni hafa verið á dagskrá og nú er að hefjast vinna við uppfærslu tæknilegra tengiskilmála rafveitna og unnið er að gerð sameiginlegs öryggisefnalista fyrirtækjanna sem NSR mun halda utan um að beiðni fagráðsins. Þá hefur fagráðið verið að meta hvort hagar sé í því fyrir aðildarfélög Samorku að vera í samstarfi við REN AS í Noregi, þar sem unnið er að stöðlun efnis og verklags hjá norskum dreifveitum og

flutningsfyrirtækjum. Einnig hafa ýmis önnur mál verið tekin til umfjöllunar: Drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar; vindorkunýting; tengingar í höfnum sem og áframhaldandi samtal og samstarf við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

## VATNSVEITUFAGRÁÐ

Líkt og undanfarin ár er vatnsvernd og heilnæmi neysluvatns það málefni sem er efst á baugi hjá vatnsveitufagráðinu. Í því samhengi hefur verið unnið að því að setja í gang sameiginlegt verkefni vatnsveitnanna og Vegagerðarinnar um mat á mengunarhættu vegna umferðar um vatnsverndarsvæði. Verkefnið verður grundvöllur stefnumarkandi leiðbeininga um hönnun og rekstur vega innan slíkra svæða og standa vonir til þess að vinna við verkefnið hefjist á árinu 2020. Þá hefur Samorka í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga unnið að því að breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga komi fram á yfirstandandi þingi til að tryggja að lagaheimildir varðandi setningu gjaldskráa vatnsveitna séu skýrar. Auk þessa hefur fagráðið fjallað um ýmis mál, t.d. að taka til skoðunar hvort uppfæra þurfi tæknilega tengiskilmála vatnsveitna; innra eftirlit vatnsveitna og fleira.

## UMHVERFISRÁÐ

Fjöldmörg málefni voru á dagskrá hjá umhverfisráði á árinu. Eitt af stóru málefnum ráðsins er eftirfylgni vegna yfirlýsingar orku- og veitufyrirtækjanna um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040, en markvisst er unnið að því málefni innan margra aðildarfyrirtækjanna og ljóst að tækifæri eru til að deila þekkingu á milli þeirra og er m.a. horft til Samorkuþings með það í huga. Þá voru ýmis önnur mál til

umfjöllunar: Kolefnisbinding; Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun; fullgilding Íslands á Landslagssamningi Evrópu; aðgerðaráætlun í loftslagsmálum; fundað með Grænvangi og ýmislegt fleira.

## ÖRYGGISRÁÐ

Öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismál eru mjög þýðingarmikil í allri orku- og veitustarfsemi og á vettvangi öryggisráðs fer fram viðamikil þekkingarmiðlun á þessu sviði milli aðildarfyrirtækjanna. Ráðið heldur reglulega fundi



og hefur unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum á vettvangi öryggismála s.s. yfirferð og endurskoðun á bæklingum og leiðbeiningum sem snúa að öryggismálum innan fyrirtækjanna. Þá tekur ráðið til umfjöllunar ýmis öryggisatvik sem koma upp og draga má lærdóm af og leiða eftir atvikum til breytinga eða endurskoðunar á verklagi og þar með verklagsreglum. Ráðið heldur einnig utan um sameiginlega atvikaskráningu hjá stærstu aðildar-

fyrirtækjunum og ánægjulegt er að heilt yfir hefur náðst markviss árangur í fækkun atvika. Undanfarið hefur umræða um sálfélagslega þætti orðið meira áberandi sem hluti af málaflöknum enda sýna tölur að mjög mikilvægt er að sinna þessum þætti vel.

## FAGHÓPAR

### FAGHÓPUR UM SAMSKIPTAMÁL

Hópurinn er samsettur af stjórnendum samskipta- eða markaðsmála þeirra aðildarfyrirtækja Samorku sem hafa slíkum á að skipa. Hlutverk hans er að vera starfsfólki Samorku, stjórn samtakanna og öðrum nefndum á vegum þeirra til ráðgjafar um kynningar- og samskiptamál. Hópurinn á að gera fulltrúunum kleift að bera saman bækur sínar um sameiginleg kynningarmál Samorku og fyrir tækjanna sem og að gangast fyrir þeim. Meðal þess sem rætt var á fundum ársins var þriðji orkupakkinn og upplýsingagjöf um hann, stefna kynningarmála hjá Samorku, fagþing rafmagns, notkun samfélagsmiðla, upprunaábyrgðir rafmagns og lærdómur af fundi norrænna samskiptastjóra sem haldinn var í september í Ósló. Þá var reynslu og þekkingu af samskiptum við fjölmiðla einnig miðlað.

### MANNAUÐSHÓPUR

Í mannauðshópi Samorku fer m.a. fram umræða um kjaramál og fræðslumál innan fyrirtækjanna. Þá miðla aðildarfélögin þekkingu og reynslu í ýmsum úrlausnarefnum innan málaflöksins. Innan hópsins hafa verið ræddar leiðir til þess að auka enn frekar stuðning við iðn- og tækninám

innan orku- og veitugeirans og þá ímynd geirans í leiðinni. Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu eru fyrirtækin að gera heilmikið á þessum vettvangi og fullyrða má að það hefur skilað árangri fyrir málaflökinn í heild sinni. Því er erfitt til þess að vita að vísa hefur þurft frá í miklum mæli nemendum sem vilja komast í iðn- og tækninám. Mikilvægt er að orku- og veitugeirinn haldi áfram sinni vinnu og tali máli iðnmenntunar hvar sem því verður við komið.

### INNKAUPASTJÓRAHÓPUR

Tölverður tími fór á árinu í viðræður við birgja dreifiveitna í rafstrengjum sem gerður var sameiginlegur samningur við í lok árs 2018. Veruleg afhendingarvandamál komu upp hjá sænska fyrirtækinu sem hafði áhrif á vinnslu verkefna hjá nokkrum dreifiveitum. Nokkrir af æðstu yfirmönnum fyrirtækisins komu til fundar á Íslandi og var farið ítarlega yfir með hvaða hætti tryggt yrði að afhending á pöntunum ársins 2020 gengi eftir. Ljóst var að mikil pressa af hálfu okkar fulltrúa skilaði árangri í þessum samskiptum. Áfram voru ræddir möguleikar á frekara samstarfi í innkaupum hjá aðildarfyrirtækjunum.

### GÆÐA- OG SKJALASTJÓRAHÓPUR

Formannsskipti urðu í hópnun á árinu, þegar Kristín Birna Ingadóttir hjá HS Orku tók við af Önnu Margréti Björnsdóttur hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Hópurinn fundaði mjög reglulega á árinu, þar sem fjallað var um sameiginleg mál- efni gæða- og skjalastjóra. Ávallt hefur verið lögð mikil áhersla á að þátttakendur skiptist á að miðla þekkingu um mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Hópurinn stefnir á að heimsækja kollega sína á einhverju Norðurlandanna á næsta starfsári.

### GREININGARHÓPUR

Greiningarhópur Samorku er samstarfsvettvangur fyrir þá sem vinna að greiningum í aðildarfyrirtækjum Samorku. Markmiðið er að vinna að því að vinna sameiginlega að greiningum sem mikilvægar eru fyrir orku- og veitugeirann, forgangsraða þeim, hafa yfirsýn yfir gögn og tölfræði sem til er og setja þau fram á skiljanlegan hátt fyrir almenning og hagaðila, auk þess að deila þekkingu, reynslu og hugmyndum. Mikilvægt er að dýpka umræðuna og halda áfram að styrkja umfjöllun og meðvitund um stöðu og horfur í orku- og veitugeiranum.

### FAGHÓPUR UM VERKEFNASTJÓRNUN

Verkefnastjórahópurinn er samræðu- og samvinnuvettvangur orku- og veitufyrirtækjanna um málefni verkefnastjórnunar, þar sem áherslan er á að deila þekkingu, reynslu, hugmyndum og fleiru á milli fyrirtækjanna og starfsfólks þeirra. Þannig fer hópurinn yfir aðferðir, tæki og tól, hlutverk og ferli verkefnastjórnunar í rekstri og verkefnum, m.a. varðandi ákvarðanatöku, skipulag, áætlanagerð, upplýsingamiðlun og árangursmælingar. Ekki var mikil starfsemi í faghópnum á árinu, en stefnt er á að bæta úr því með vinnustofu faghópsins þar sem dregnar verða fram áherslur fulltrúa hópsins.

### FJÁRMÁLASTJÓRAHÓPUR

Fjármálastjórar innan hópsins hafa á starfsárinu skipst á að halda kynningarfundum hver um sitt fyrirtæki og helstu atriðin í starfsemi og rekstri þeirra með áherslu á hugbúnaðarlausnir, stjórnunaraðferðir o.fl. Þá hefur hópurinn skoðað verkefnið um rafræna stjórnábyrgð ríkisins





og óskað eftir kynningarfundum um þau tækifæri og þær breytingar sem það mun hafa í för með sér.

#### SPENNAHÓPUR

Spennahópur er sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna Samorku, þar sem fjallað er um ýmis mál tengd spennum. Spennahópurinn fundar tvisvar sinnum á ári, og er farið yfir ýmis mál, t.d. bilanir í spennum, atvik sem hafa orðið hjá fyrirtækjunum og fleira.

#### MÁLEFNAHÓPAR

##### SNJALLMÆLAHÓPAR

Snjallmælavæðing er á miklu skriði þessi misserin og ljóst að mjög mörg tækifæri skapast með tækninni sem henni fylgir ekki síst í stjórnun kerfa og þar með stýringu á álagi. Þetta getur haft þýðingu þegar kemur að aukinni orkunotkun vegna orkuskiptanna. Ýmsar spurningar kunna að vakna hjá einstökum viðskiptavinum vegna snjallmælanna og eiginleika þeirra og því mikilvægt að taka þátt í umræðu um tæknibreytingarnar og miðla upplýsingum um innleiðinguna. Samorka óskaði eftir því við Orkustofnun að farið yrði yfir regluverk mælinga með hliðsjón af snjallmælavæðingunni og metið hvort nauðsynlegt er að gera breytingar. Er sú vinna að hefjast nú í upphafi ársins 2020.

##### ORKUSKIPTAHÓPAR

Orkuskiptahópur Samorku var settur af stað fyrir 3 árum, í framhaldi af Parísarsamningnum, til að vinna með stjórn-

völdum í orkuskiptamálum, en Samorka hefur verið lykil-samstarfsaðili stjórnvalda í loftslagsmálum. Hópurinn hefur einnig viðtækara og viðvarandi hlutverk á vettvangi Samorku, t.d. upplýsingasöfnun og greiningar tengdar komandi orkuskiptum; að samræma forsendur og tölur varðandi grunnþætti orkuskipta, t.d. orkuþörf; skoða helstu sviðsmyndir um hvernig orkuskipti geta og munu eiga sér stað; greina hvaða þættir standa í vegi fyrir orkuskiptum hérlendis, hvar og hverjir eru helstu flöskuhálsarnir, ástand innviða, hvar þarf að styrkja innviði og hvar borgar það sig ekki. Á vettvangi hópsins var unnið að stórri hleðslurannsókn, þar sem 200 mælitæki voru sett í rafbíla á Íslandi. Mælitækin voru eitt ár í bílunum og munu veita orku- og veitufyrirtækjunum lykilupplýsingar varðandi rafbílanotkun, sem gagnast mun við uppbyggingu innviða og fleira. Unnið var að greiningu á heildarorku- og aflþörf vegna Parísarsamningsins og orkuskipta í heild. Þá var unnið að undirbúningi stórrar sviðsmyndagreiningar á orkuskiptum í haftengdri starfsemi. Farið var yfir ýmis mál af vettvangi stjórnvalda sem tengjast orkuskiptum, t.d. tillögur til stjórnvalda að forgangsöröðun innviða-uppbyggingar í orkuskipta- og loftslagsmálum; breytingar á byggingarreglugerð og fleira.

##### VINDORKUHÓPAR

Hlutverk Vindorkuhópsins er m.a. að styðja við þróun nýtingar á vindorku hérlendis, standa fyrir greiningum, fylgjast með þróun erlendis; að móta stefnu Samorku þegar kemur að vindorkumálum og að vinna að samstarfi Samorku við stjórnvöld í vindorkumálum. Í hópnum hefur á árinu verið unnið að ýmsu samstarfi við stjórnvöld, m.a. tengt breytingum á lögum um vernd- og orkunýtingu, útvíkkun Landsskipulagsstefnu til að ná utan um vind-

orkunýtingu og starfshópi atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytisins um stöðu vindorkumála á Íslandi.

#### VERKEFNAHÓPAR

##### ORKUSTEFNUHÓPAR

Nú er í fullum gangi vinna á vettvangi stjórnvalda við gerð orkustefnu fyrir Ísland, en skipaður var þverpólitískur starfshópur með fulltrúum frá öllum þingflokkum til að vinna að gerð hennar. Samorka hafði áður kallað eftir slíkri vinnu og í þeim tilgangi að styðja við það starf og vinna að þátttöku Samorku í því var skipaður sérstakur orkustefnuhópur Samorku. Hópurinn hefur verið mjög virkur og fulltrúar hans unnið að gerð tillagna til stjórnvalda, umsagna, tekið þátt í öllum samráðsfundum orkustefnuhóps stjórnvalda og farið yfir ýmsar tillögur.

##### LOFTSLAGSHÓPAR

Loftslagshópur Samorku var settur af stað í framhaldi af Parísarsamningnum, til að m.a. vinna með stjórnvöldum að málefnum tengdum loftslagsmálum. Vegna samlegðar við umhverfisráð Samorku, bæði hvað varðar skipun fulltrúa og málefni, sérlega í ljósi þess að Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er útgefin, var ákveðið að loftslagshópurinn renni saman við umhverfisráðið.

##### NETÖRYGGISHÓPAR

Á árinu 2020 taka gildi lög um öryggi net- og upplýsingakerfa samfélagslega mikilvægra innviða en öll orku- og veitufyrirtækin falla þar undir. Löggin voru samþykkt á

árinu 2019 og fór mikill tími hópsins á sínum tíma í rýni á frumvarpi til laganna þegar það kom fram og nú bíður hópsins að vinna að innleiðingu þeirra og eiga samstarf við Orkustofnun og Póst- og fjarskiptastofnun þar að lútandi. Eftir er að skilgreina ýmsa þætti laganna og setja reglugerðir þar að lútandi. Þá hefur netöryggishópurinn lagt áherslu á að eiga samstarf við systurfyrirtæki okkar á Norðurlöndunum í þessum efnum. Einnig hafa fulltrúar hópsins fundað með framkvæmdastjóra Þjóðaröryggisráðs um væntanlega innleiðingu laganna.





#### VINNUHÓPUR UM REGLUGERÐ UM RAFORKUVID-SKIPTI OG MÆLINGAR

Við setningu raforkulaga árið 2003 var tekin ákvörðun um aðskilnað milli sérleyfisreksturs og samkeppnisreksturs og þá settar ýmsar kröfur í lög sem tryggja eiga virkni markaðarins. Þetta gerðist þó í áföngum og því má segja að nokkur tími hafi gefist til aðlögunar að breyttu kerfi. Reynslan hefur einnig sýnt að gera þarf enn betur í þessum aðskilnaði og af þeim ástæðum boðaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið endurskoðun á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar sem m.a. fjallar um söluaðila-skipti og þar með ýmsar kröfur sem gerðar eru til reikni-stofu veitufyrirtækjanna, Netorku. Vinnuhópur Samorku tók að sér umsagnarhlutverk í þessari vinnu ráðuneytisins

og skilaði inn í Samráðsgátt stjórnvalda auk þess að eiga upplýsingafundi með fulltrúum ráðuneytisins. Ný reglu-gerð var síðan gefin út í lok árs 2019 og er nú unnið að undirbúningi innleiðingar á breytingunum sem hún felur í sér en þær fela í sér enn ákveðnari aðskilnað milli sérleyfis-reksturs og samkeppnisreksturs.

#### PERSÓNUVERNDARHÓPUR

Persónuverndarhópur hefur tekið stöðufund um hvernig innleiðing nýrra persónuverndarlaga hefur gengið hjá fyrirtækjunum og í leiðinni miðlað þekkingu um ýmsa þætti í henni. Þá er hópurinn með í skoðun að vinna að sameiginlegum hátternisreglum fyrir orku- og veitu-geirann.

#### SKATTLAGNING ORKUFYRIRTÆKJA OG FLUTNINGSFYRIRTÆKIS

Í lögum um fasteignamat eru skilgreindar þær fasteignir sem koma til mats og með hvaða hætti matið skapar grunn að álagningu fasteignagjalda. Þar eru einnig skilgreindar þær eignir sem vegna sérstöðu sinnar sem samfélagslega mikilvægir innviðir njóta undanþágu frá fasteignamati og þar með greiðslu fasteignagjalda. Á síðasta ári voru endurvaktar hugmyndir um breytingar á lögum að þessu leyti og þar með hugmyndir um að samfélagslega mikilvægir innviðir í orkuframleiðslu og -flutningi yrðu ekki skilgreindir með öðrum innviðum á þessu sviði. Nefnd á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þar sem fulltrúar Samorku eiga aðild, hefur verið með þessar hugmyndir til skoðunar og mögulegar útfærslur. Samorka hefur alfarið lagst gegn þessum breytingum sem og hugmyndum um efnisbreytingu á hugtakinu fasteign

samkvæmt lögum. Hafa fulltrúar Samorku bent á að eðlilegt sé að þessi undanþága nái hér eftir sem hingað til til þessara innviða allra. Að sama skapi hefur verið lögð áhersla á að horfa þurfi heildstætt til skattlagningar orku- og flutningsmannvirkja og þar með að ljúka vinnu við mat á vatnsréttindum og jarðhitaréttindum sem enn hefur ekki tekist að ljúka.

#### HÁLENDISHÓPUR

Dverpólítísk nefnd stjórnarráðsins um mögulegan þjóðgarð á hálendi Íslands var að störfum allt árið 2019 og skilaði lokaskýrslu sinni í desember. Eins og lýst er í umfjöllun um umsagnir Samorku skilaði nefndin nokkrum áfanga-skýrslum sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við af hálfu samtakanna og aðildarfélaganna. Hálandishópur Samorku hefur unnið að þessum umsögnum sem og að umsögnum um drög að frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða og drögum að frumvarpi til laga um hálendisþjóðgarð. Þessum umsögnum er nánar lýst í kafla ársskýrslunnar um málsvarahlutverkið.

#### REGLUVERK FRAMKVÆMDA

Vinnuhópur um regluverk framkvæmda hefur verið bakland fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og þar með fulltrúa Samorku í vinnu nefndar um heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þeirri vinnu hefur lítið þokað áfram af hálfu ráðuneytisins og nefndarinnar og gengið illa að koma fram tillögum til að ná markmiðunum sem stefnt var að með stofnun hennar, þ.e. að einfalda ferla og auka skilvirkni í meðferð mála. Samorka hefur unnið að úttekt og tillögugerð hér að lútandi með það að markmiði að hugmyndafræðin „One Stop Shop“ verði lögð til grund-

vallar í málsmeðferðinni og nauðsynlegar lagabreytingar taki mið af því.

#### VINNUHÓPUR VEGNA SAMRÆMINGAR Á GJALDSKRÁRLIÐUM DREIFIVEITNA RAFORKU

Settur var af stað vinnuhópur að ósk Ráðgjafaráðs veitufyrirtækja þar sem gjaldskrárliðir dreifiveitna eru teknir til skoðunar með það að markmiði að verklag og framsetning sé með sambærilegum hætti hjá dreifiveitunum. Vinnuhópurinn hefur það hlutverk að bera saman gjaldskrárliði dreifiveitna og leggja til samræmda uppbyggingu og aðferðafræði, en honum er ekki ætlað að skoða verðlagningu einstakra gjaldskrárliða heldur eingöngu hvaða aðferðafræði er beitt með aukinn skýrleika og gagnsæi gagnvart viðskiptavinum að markmiði.





# MÁLSVARI

## MÁLSVARI

Stór þáttur í hlutverki Samorku er að vera málsvari aðildar-fyrirtækjanna í samskiptum og samstarfi við stjórnvöld, stofnanir, ráðuneyti og Alþingi. Þegar málsvarahugtakið er nefnt í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að öll aðildarfyrirtæki Samorku flokkast undir samfélagslega mikilvæga innviði sem gegna lykilhlutverki fyrir allan annan rekstur fyrirtækja í landinu og auðvitað einnig fyrir heimilin.

Stjórnvöldum og Alþingi ber að þakka ríkan vilja til þess að veita hagaðilum tækifæri til umsagna um mál og þá einnig aðkomu að málum á undirbúningsstigi þeirra. Áður höfum við þakkað þær tæknibreytingar sem hér hafa verið nýttar með veflausnum á borð við Samráðsgátt stjórnvalda og heimasíðu Alþingis. Enn er þó vert að árétta að full ástæða er til að auka hlutverk Samráðsgáttarinnar og nýta hana ekki aðeins fyrir stjórnarráðið heldur einnig fyrir stofnanir ríkisins.

Í Samráðsgáttinni er að finna tilkynningar um áform um lagasetningu, drög að lagafrumvörpum og reglugerðum, skjöl um stefnumótun og þá drög að stefnu eða einstökum þáttum í vinnslu viðkomandi stefnu, drög að aðgerðar-áætlunum stjórnvalda svo helstu dæmin séu nefnd. Í sumum tilvikum hafa stofnanir lagt það mat á mikilvægi einstakra mála að sérstaklega er kallað eftir umsögnum eða

gögnum frá Samorku. Er það einnig til mikillar fyrirmyndar og ber að þakka.

Sem fyrr felst í málsvarahlutverki Samorku þátttaka í nefndum og starfshópum eða eftir atvikum einstökum fundum til upplýsinga- eða álitsgjafar. Ýmist er þá kallað eftir þátttöku fulltrúa Samorku eða samtökin óska eftir því að taka þátt í viðkomandi vinnu, endurskoðunarferlum o.s.frv. Ánægjulegt er að mikill vilji er til þess að nýta þekkingu og reynslu starfsfólks Samorku og aðildar-fyrirtækjanna.

Frá síðasta aðalfundi Samorku hafa samtökin veitt um-sagnir um fjölmörg mál jafnt hjá Alþingi sem stjórnvöldum og þar með talið stofnunum ríkisins. Þá hafa fulltrúar samtakanna einnig tekið beinan þátt í margvíslegri vinnu ráðuneyta og Alþingis við stefnumótun og undirbúning mála. Er nánar gerð grein fyrir helstu málunum hér á eftir.

Samorka hefur átt góð samskipti við starfsfólk stofnana og ráðuneyta og átt þess kost að fara yfir áherslumál sín með ráðherrum þeirra málaflokka sem snerta málsvara-hlutverk Samorku. Sömuleiðis hafa samskipti við starfsfólk, þingnefndarmenn og formenn þingnefnda verið góð þegar fulltrúar Samorku og aðildarfyrirtækjanna hafa mætt á fundi nefndanna.

## UMSAGNIR UM EINSTÖK MÁL

Hér á eftir gefum við stutt yfirlit yfir helstu málin sem Samorka hefur veitt formlega umsögn um. Aðildarfélagin geta nálgast allar umsagnir hjá skrifstofu samtakanna. Þá er minnt á að á vinnusvæði Samorku á „Work Place“ er svonefnd umsagnarsíða sem fulltrúar aðildarfélaga geta fengið aðgang að.

## MARS

### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ STEFNU Í ALMENNINGSSAMGÖNGUM

Í umsögn sinni fagnar Samorka sérstaklega umfjöllun um orkuskipti í almenningssamgöngum, flugi og ferjum og þeim tækifærum sem í þeim eru fólgin. Bent er á að raforka er stöðugt fýsilegri orkukostur í almenningssamgöngum en jafnframt eru áréttuð tækifæri í öðrum orkugjöfum eins og metangasi, lífdísel, vetni o.s.frv.

### ORKUSTOFNUN: ENDURSKOÐUÐ DRÖG AÐ BORHOLUREGLUM

Orkustofnun setti í annað skiptið í umsagnarferli drög að borholureglum. Hitaveitufagræð Samorku hafði unnið ítarlega að yfirferð Samorku á málinu og voru sendar ítarlegar tæknilegar athugasemdir um drögin og ferlið sem fólst í gerð þeirra.

### ALÞINGI: FRUMVARP TIL LAGA UM RÁÐSTAFANIR TIL HAGKVÆMRAR UPPBYGGINGAR HÁHRAÐA FJARSKIPTANETA

Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir samnýtingu í uppbyggingu fjarskiptaneta við uppbyggingu veitukerfa í eigu hins opinbera og ákveðnar skyldur lagðar á í þeim eignum. Samorka lagði í umsögn sinni áherslu á að ekki verði um of flókið, íþyngjandi og kostnaðarsamt kerfi að ræða og benti á að samstarfið hingað til hefði gengið mjög vel og fjölmörg dæmi um velheppnaða samnýtingu. Þá fagnaði Samorka því að tekið hefði verið tillit til ýmissa athugasemda sem samtökin gerðu við fyrstu drög að frumvarpinu sem kynnt höfðu verið í Samráðsgátt stjórnvalda. Nokkrar ábendingar voru gerðar við lagatextann sjálfan og gerðar tillögur að breytingum og viðbótum með hagsmuni veitufyrirtækja í huga.

### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM BREYTINGU Á RAFORKULÖGUM. MILLILANDATENGINGAR. SAMRÁÐSGÁTT 99/2019

Samorka fagnaði þeirri fyrirætlun sem kom fram í drögunum um að ákvörðun um millilandatengingar raforku fari samkvæmt stefnu Alþingis um uppbyggingu flutningskerfis raforku á hverjum tíma. Með því er tryggt að það sé sjálfstæð ákvörðun Alþingis hverju sinni hvort millilandatenging komi til álita og verði hluti af kerfisáætlun Landsnets.

### SAMRÁÐSGÁTT: FRAMTÍÐARNEFND FORSÆTISRÁÐHERRA VARÐANDI LOFTSLAGSBREYTINGAR

Forsætisráðuneytið óskaði eftir áherslum og hugmyndum til framtíðarnefndar forsætisráðherra varðandi loftslagsbreytingar. Í umsögn Samorku kom m.a. fram að til þess að ná markmiðum Parísarsamningsins og markmiðum ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi fyrir 2040 og til að framlag Íslendinga í loftslagsmálum verði sem mest, leggur Samorka áherslu á að hið opinbera og allir hagsmunaaðilar einbeiti sér að sviðum þar sem nærtækast er að ná árangri. Þar eru orkuskipti í samgöngum stórt tækifæri fyrir Ísland og fagnar Samorka áherslu ríkisstjórnarinnar á þau. Á sama hátt eru stór tækifæri í framleiðslu á innlendu og endurnýjanlegu eldsneyti.

## MAÍ

### ALÞINGI: INNLEIÐING Á ÞRIÐJA ORKUPAKKA EB OG TENGD LÖGGJÖF

Í tengslum við innleiðingu á þriðja orkupakkanum voru lögð fram nokkur mál á vörþingi Alþingis. Um var að ræða tillögu til þingsályktunar um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um viðauka við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn). Einnig tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og þar með millilandatengingar og skilyrði hennar. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum um sama efni og loks frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun.







Samorka skilaði allitarlegri umsögn um málið þar sem m.a. var rakin þróunin á raforkumarkaði í Evrópu síðastliðna áratugi og þar með hvernig markvisst hefur verið skilið á milli sérleyfisþátta og samkeppnisþátta. Lögð var áhersla á þýðingu þess í auknu gagnsæi um verðmyndun á raforkumarkaði og þar með stutt við að markaðurinn ráði orkuverði og unnið sé gegn skaðlegum undirboðum og mögulegar niðurgreiðslur verði að byggja á sérstökum heimildum þar að lútandi. Einnig var rakið hvernig breytt kerfi hefur ýtt undir og stutt við grænorkuframléiðslu og þar með stutt við aðgerðir í loftslagsmálum. Loks gerði Samorka alvarlegar athugasemdir við óskýrar heimildir til álagningar stjórnvaldsektar þar sem gert er ráð fyrir himinháum sektum án nokkurrar leiðsagnar um hvaða forsendur geti legið þar að baki.

#### ALÞINGI: FRUMVARP TIL LAGA UM ÞJÓÐGARÐASTOFNUN OG ÞJÓÐGARÐA

Samorka hafði áður veitt umsögn um málið í Samráðsgátt stjórnvalda og þar gert ýmsar alvarlegar athugasemdir við framsetningu málsins og stjórnsýsluuppbyggingu mögulegrar þjóðgarða-stofnunar. Í frumvarpinu sem hér var lagt fram var tekið tillit til sumra athugasemda Samorku en aðrar voru ítrekaðar í umsögn Samorku. Bent var á að sérstakt væri með hliðsjón af umræðu um einföldun stjórnsýslu og kröfunni um að vel væri farið með opinbert fé, kröfunni um sameiningu stofnana o.fl. að leggja upp með nýja stofnun um verkefni sem eðlilegt sé að vista áfram hjá Umhverfisstofnun þar sem ábyrgðin á málaflokknum sé.

Þá var ítrekuð athugasemd við að í frumvarpinu sé sérkennileg blanda af ákvæðum um stjórnsýslu stofnunar,

stjórnsýslu þjóðgarða og síðan um náttúruvernd sem eðli málsins samkvæmt eigi heima í náttúruverndarlögum. Einhvers konar endurtekningar og óljós skörun sé ekki fagleg nálgun á verkefnið.

Loks var gerð alvarleg athugasemd við að ítrekað er lagt til að festa þjóðgarð í einum flokki samkvæmt flokkunarkerfi IUCN, Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (e. International Union for the Conservation of Nature) sem vel að merkja eru aðeins leiðbeiningar en á engan hátt skuldbindandi viðmið. Áréttað er að það gangi gegn heildarhagsmunum þjóðarinnar, m.a. í framtíðarorkuöflun og sjálfbærri nýtingu komandi kynslóða að festa þetta fyrir fram við einn flokk og alls ekki sú aðferð sem aðrar þjóðir eru að nota.

## JÚLÍ

#### SAMRÁÐSGÁTT: TILLAGA NEFNDAR UM MIÐHÁLENDISÞJÓÐGARÐ, UMFANG FRÍÐUNAR OG FRÍÐUNARFLOKKAR


Það hefur vakið athygli í vinnu nefndar um mögulegan þjóðgarð á hálendi Íslands að orkufyrirtækin, flutningsfyrirtækið og dreifiveiturnar eru ekki taldar á meðal hagaðila í undirbúningi málsins. Samorka hefur engu að síður mætt á alla kynningarfundir nefndarinnar og haldið uppi fyrirspurnum um þau mál sem snúa að orku- og veitugeiranum og þá helst væntum ólíkum flokkum verndar og þar með mögulegri nýtingu innan garðsins.

Í þeirri tillögu sem hér leit dagsins ljós var gert ráð fyrir að öll ný orkuvinnsla og flutningur á um það bil helmingi Íslands yrði bönnuð og lög um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammann) yrði kippt úr sambandi. Jafnframt að ekkert tillit átti að taka til vinnu við orkustefnu fyrir Ísland og þar með framtíðarorkuöflun og orkuöryggi landsins. Þessum hugmyndum var því mótmælt og lögð á það áhersla að samtal yrði að fara fram milli nefndar um orkustefnu og nefndar um hálendisþjóðgarð. Jafnframt var áréttað að Samorka væri þegar í stað tilbúin í þetta samtal.

## SEPTEMBER

#### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM ÞJÓÐLENDUR, ÁKVÖRÐUN MARKA EIGNARLANDA, ÞJÓÐLENDU OG AFRÉTTA (LEYFISVEITING, MÁLSMEÐFERÐ O.FL.)

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiting leyfa til nýtingar náma og annarra jarðefna flytjist frá ráðherra til sveitarfélaga. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir að leyfi ráðherra þurfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi og vindorku. Samorka áréttaði að leyfi til virkjunarframkvæmda kalli iðulega á nýtingu náma og jarðefna þó í mismiklum mæli sé eftir því hver virkjunarkosturinn er. Því er áréttað að slík virkjunarleyfi innifeli jafnframt leyfi til nauðsynlegrar efnisvinnslu eftir því sem á þurfi að halda.



## OKTÓBER

### ALÞINGI: FRUMVARP TIL LAGA UM RÁÐSTAFANIR TIL HAGKVÆMRAR UPPBYGGINGAR HÁHRAÐA FJARSKIPTANETA

Hér er um að ræða mál sem var endurflutt frá 149. löggjafarþingi og áréttaði Samorka fyrri umsögn sína og jafnframt þær viðbætur og breytingar sem nauðsynlegt væri að gera á frumvarpinu.

### ALÞINGI: FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM ÚRSKURÐARNEFND UMHVÆRIS- OG AUÐLINDAMÁLA, KÆRUHEIMILDIR SAMTAKA

Samorka lagði í umsögn sinni áherslu á að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum standi nú yfir og því sérkennilegt ef taka ætti út einn þátt þeirrar endurskoðunar og gera tillögu til breytingar. Minnt var á að einn megintilgangur endurskoðunarinnar væri að gera ferlið einfaldara og skilvirkara og ljóst að þessar tillögur vinna gegn því markmiði. Kom fram að Samorka leggst eindregið gegn málinu.

### ALÞINGI: TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM AUÐLINDIR OG AUÐLINDAGJÖLD

Í umsögn sinni minnir Samorka á að umræða um auðlindagjöld, auðlindaskatta, auðlindarentu og arð af orkufyrirtækjum í eigu ríkisins eigi sér orðið mjög langa sögu og oftar en ekki gæti mikilla væntinga um miklar tekjur hins opinbera. Samorka leggur áherslu á að horfa þurfi til skattheimtunnar í heild sinni og þar með hvernig auðlindaskattur í Noregi t.d. sé frádráttarbær frá tekjuskatti o.s.frv.

Einnig er lögð áhersla á að nýir skattar og gjöld skapa ekki nýjar tekjur og því mikilvægt að horfa til samkeppnisstöðu íslenskrar raforkuframleiðslu á heimsvísu. Loks er ítrekað að auðlindagjöld munu taka til allrar orkuvinnslu og þar með jarðhitavinnslu einnig. Því er mikilvægt að minna á að helstu lífsgæði Íslendinga felast í lágum húshitunar-kostnaði.

### TILLÖGUR OG ÁHERSLUR NEFNDAR UM MIÐHÁLENDISÞJÓÐGARÐ, EFNISATRIÐI FRUMVARPS OG FJÁRMÖGNUN GARÐSINS

Í umsögn Samorku voru fyrri athugasemdir ítrekaðar og lögð rík áhersla á nauðsyn þess að áður en ákvarðanir sem fela í sér friðun á stórum hluta landsins verði teknar, þurfi að liggja fyrir niðurstöður í vinnu nefndar um orkustefnu fyrir Ísland, en einnig að lokið sé greiningu og mati á þeim orkunýtingarkostum sem eru á umræddu svæði. Vísað var til umsagnar frá 30. júní um mörk þjóðgarðsins og lokun á orkunýtingu og í umsögn frá í desember 2018 þar sem lýst var furðu á því að ekki skuli fjallað um orkunýtingu og orkuflutning í tillögum nefndarinnar. Enn og aftur var áréttað að útilokað væri að fallast á að lagt verði upp með flokkun II samkvæmt flokkunarkerfi IUCN þar sem ekki væri eðlilegt að útiloka möguleika komandi kynslóða til sjálfbærrar nýtingar þessara mikilvægu auðlinda.

### TILLÖGUR UMHVÆRISSTOFNUNAR UM FRIDUN VIRKJUNARKOSTA Í GJÁSTYKKI OG Í BRENNISTEINSFJÖLLUM

Samorka hefur ítrekað gert athugasemdir við forsendur friðunartillagna Umhverfisstofnunar og með hvaða hætti verið er að túlka ákvæði í þingsályktun nr. 13/141 frá 14.

janúar 2013 (rammaáætlun II). Með þeim tillögum sem Umhverfisstofnun í umboði umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett fram er vísitandi verið að rangtúlka þingsályktunina og lögin um verndar- og orkunýtingaráætlun í þeim tilgangi að skilgreina umfang friðunar langt út fyrir það sem þingsályktunin og lögin gera ráð fyrir. Þetta hefur reyndar verið viðurkennt að hluta með þeim breytingum sem ráðherra gerði á tillögu Umhverfisstofnunar á friðun orkukosta í Jökulsá á Fjöllum. Engu að síður kemur fram í þessum tillögum um friðun jarðhitaorkukosta sami forsendubresturinn og í fyrri tillögum um umfang friðunar. Er þessu harðlega mótmælt í umsögn Samorku.

### ALÞINGI: UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM VIRÐISAUKASKATT

Samorka studdi frumvarpið heils hugar og hvatti þingmenn til þess að frumvarpið fengi fljóta afgreiðslu og yrði að lögum. Í umsögn Samorku kom fram að fráveitumál eru eitt mikilvægasta umhverfismál samtímans og fagna samtökin þeirri viðleitni sem kemur fram í frumvarpinu, að setja þau í forgang og gera sveitarfélögum og fráveitum mögulegt að fara í nauðsynleg úrbóta- og uppbyggingarverkefni.





Samorka hefur lengi kallað eftir því að fullri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveituframkvæmda verði aftur komið á, sérlega í ljósi þess mikla árangurs sem náðist í uppbyggingu fráveitukerfa á Íslandi þegar það kerfi var við lýði. Að mati samtakanna náði þetta frumvarp vel utan um það markmið.

## NÓVEMBER

### ALÞINGI: FRUMVARP TIL LAGA UM ÞJÓÐARSJÓÐ

Samorka gerir engar athugasemdir við áform um stofnun þjóðarsjóðs eða markmiða með honum. Hins vegar er lögð áhersla á að þær tekjur sem sjóðnum eru ætlaðar séu vel skilgreindar og varað við væntingum um að með nýjum lögum um þjóðarsjóð verði til nýjar tekjur innan fyrirtækjanna. Í þessu samhengi þarf að hafa í huga samkeppnishæfni Íslands og að aukinn kostnaður getur haft áhrif á hana. Jafnframt er full ástæða til þess að minna á að orkuframleiðsla er jöfnum höndum raforkuframleiðsla og jarðvarmavinnsla í þágu hitaveitna í landinu. Lögð er áhersla á að ódýr húshitun er meðal mestu lífsgæða Íslendinga.

### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ REGLUGERÐ UM MAT Á UMHVÆRISÁHRIFUM OG REGLUGERÐ UM FRAMKVÆMDALEYFI

Samtök atvinnulífsins í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga skiluðu inn umsögn um málið fyrir hönd samtaka í Húsi atvinnulífsins um þetta mál. Þar voru gerðar ýmsar athugasemdir sem m.a. fólu í sér að reglugerðar-textinn gengi lengra í kröfum heldur en löggin gera ráð fyrir. Þá var bent á að nú væri í gangi heildarendurskoðun

á lögum um mat á umhverfisáhrifum og full ástæða til þess að endurmeta þær breytingar sem gerðar voru á lögum um mat á umhverfisáhrifum þá um vorið sem og þessar fyrirætlanir um reglugerðina.

## DESEMBER

### ALÞINGI: FRUMVARP TIL LAGA UM HÚSNÆÐIS- OG MANNVIRKJASTOFNUN

Í umsögn um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkja stofnun voru ekki gerðar neinar efnislegar athugasemdir en lögð áhersla á mikilvægi raforkuhluta Mannvirkjastofnunar og ágætt samstarf Samorku á vettvangi fræðslumála- og upplýsingagjafar.

### SAMRÁÐSGÁTT: ÁFORM UM FRUMVARP TIL LAGA UM HÁLENDISÞJÓÐGARÐ

Þegar áform um nýtt frumvarp til laga um hálendis-þjóðgarð var kynnt í Samráðsgátt lá enn ekki fyrir niðurstaða nefndar um miðhálendisþjóðgarð en vitað að hún var væntanleg. Ánægjulegt er að orðið var við beiðni Samorku um að fresta lokum umsagnarfrests í málinu þar til búið var að kynna niðurstöður nefndarinnar. Með sama hætti var ánægjulegt að í niðurstöðu nefndarinnar kom fram að mörk þjóðgarðsins ættu ekki ein og sér að ákvarða hvaða orkunýting komi til álita innan hans heldur verði að taka tillit til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) og Orkustefnu fyrir Ísland. Samorka gerði ýmsar athugasemdir við áformin og þá meðal annars um mat á áhrifum þeirra á orkunýtingu og orkuflutning og þar með efnahag landsins.

### ALÞINGI: UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM UM SKATTA (VISTVÆN ÖKUTÆKI O.FL.)

Markmið frumvarpsins var að greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum í samræmi við stefnu stjórnvalda í þeim efnum fyrir tilstilli efnahagslegra hvata. Samorka tók undir það markmið og fagnaði stefnu stjórnvalda í málaflokknum, enda hafa samtökin talað fyrir því að aukið verði við jákvæða efnahagslega hvata til að hraða orkuskiptum í samgöngum. Samorka hafði nokkrar athugasemdir við frumvarpið, í þá átt að auka við stuðning stjórnvalda og að hafa ekki fjöldatakmörkanir á ívilnunum fyrir hreinorkubifreiðar, á þessum tímamarki.

## JANÚAR

### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM ÞJÓÐGARÐ Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

Samorka skilaði mjög ítarlegri umsögn um frumvarpsdrögin og gerði þar ítarlegar athugasemdir við drögin og greinargerðina með lögnum. Lögð er áhersla á að með frumvarpsdrögunum er verið að leggja drög að beinu og óbeinu banni við allri nýrri orkuvinnslu á miðhálendinu og setja núverandi orkuvinnslu og þróun hennar mjög strangar skorður. Bent er á að mjög stór hluti framtíðarorkuauðlinda landsins er á miðhálendinu. Orkukostir sem hafa komið til skoðunar eru um 2.200 MW og eru þá ótaldir orkukostir sem enn hafa ekki komið til skoðunar eins og í vindorku. Minnt er á að réttur komandi kynslóða til möguleikans til sjálfbærrar orkuframleiðslu liggur

meðal annars í tækifærunum á miðhálandinu og slík nýting byggir í grunninn á hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun. Niðurstaða Samorku er að ógerlegt sé fyrir Alþingi að leggja þetta frumvarp óbreytt til grundvallar stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Nauðsynlegt sé að endurskoða það með tilliti til framtíðarorkustefnu fyrir Ísland, orkuþarfar til langrar framtíðar og orkuöryggis heimila og fyrirtækja landsins.

#### SAMRÁÐSGÁTT: ÁFORM UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM NR. 48/2011 UM VERNDAR- OG ORKUNÝTINGARÁÆTLUN

Samorka skilaði ítarlegri umsögn um áform um frumvarp frá starfshópi umhverfis- og auðlindaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, hvers hlutverk var að leggja fram tillögur um framtíðartengsl vindorkunýtingar við rammaáætlun. Í áformunum var í raun stefnt að því að fara „norsku leiðina“, þ.e. að teikna upp ákveðin svæði á Íslandi þar sem stefnt væri að vindorkunýtingu og henni hraðað, út frá ákveðnum stefnuviðmiðum.

Í umsögn Samorku var bent á að Norðmenn hefðu þegar horfið frá þessari leið og hún mætt mikilli andstöðu þegar farið var í hana. Samorka lagði áherslu á að nú væri yfirstandandi vinna á vettvangi Skipulagsstofnunar um að taka vindorku inn í landsskipulagsstefnuna, út frá svokallaðri „skoskri leið“, sem felur í sér að taka inn ákveðin stefnuviðmið í landsskipulagsstefnu um vindorkunýtingu, sem sveitarfélög þurfa svo að nýta sér í sínu skipulagsferli. Samorka velti því upp í umsögninni hvort þörf væri fyrir að hafa vindorku í rammaáætlun, ef til staðar er skilvirkt landsskipulagsstefna sem vel nær utan um málið.

#### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM ÞJÓÐGARÐASTOFNUN OG ÞJÓÐGARÐA

Samorka skilaði inn umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun sem var lagt fram á Alþingi vorið 2019 en kom ekki til afgreiðslu. Það var síðan lagt fram að nýju inn í Samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2020 samhliða drögum að frumvarpi til laga um miðhálandisþjóðgarð. Samorka skilaði einnig umsögn um málið í Samráðsgáttina þegar það var fyrst lagt þar fram árið 2018.

Samorkaði ítrekaði í umsögn sinni að frumvarpið varðar viðtæka hagsmuni um land allt og með öllu sé ótækt að leggja til að binda þjóðgarða á Íslandi við aðeins einn verndarflokk samkvæmt flokkunarkerfi IUCN Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna. Bent er á að þjóðir um allan heim velja að nýta alla flokkana í flokkunarkerfi IUCN en einnig að undanskilja ákveðin svæði innan þjóðgarða algjörlega flokkunarkerfinu kalli aðrir mikilvægir hagsmunir á það. Lögð er áhersla á að nauðsynlegt sé að taka málið upp að nýju og setja það í heildarsamhengi þar sem allir framtíðarhagsmunir landsmanna séu teknir með í reikninginn og þar á meðal möguleikar okkar til sjálfbærrar nýtingar orkuauðlinda sem og hagsmunir okkar af bráðnauðsynlegri uppbyggingu meginflutningskerfisins um land allt.

## FEBRÚAR

#### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM ORKUSJÓÐ. AUKIÐ HLUTVERK

Samorka telur frumvarpið og markmiðin með því mjög jákvæð og fagnar því að orkuskiptin fái aukid vægi í starf-

semi sjóðsins. Einnig er minnt á mikilvægi sjóðsins hér eftir sem hingað til í jarðhitaleit og orkurannsóknnum ekki síst á svonefndum köldum svæðum. Loks tekur Samorka undir mikilvægt samhengi við orkustefnu og þar með talið framtíðarorkuþörf okkar og orkuöryggi þjóðarinnar.

#### SAMRÁÐSGÁTT: DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM NÁTTÚRUVERND NR. 60/2013 MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM. ÓBYGGÐ VÍÐERNI – SKILGREINING

Í umsögn Samorku er lögð áhersla á að þótt hér sé verið að gera „leiðréttingu“ á orðalagi lagatexta þá þurfi sú leiðrétting að taka til allra þátta málsins. Mikilvægt sé að tryggt sé að með því að slaka á kröfunni um stærðarmörk í skilgreiningu óbyggðra víðerna sé heldur ekki verið að skapa grunn til þess að þrengja að núverandi virkjunarsvæðum og væntum virkjunarsvæðum samkvæmt rammaáætlun.

## ERLENT SAMSTARF

### EURELECTRIC

Eurelectric eru Evrópusamtök rafiðnaðarins, en jafnframt eiga flutningsfyrirtæki með sér sérstök samtök, ENTSO-E. Aðalllutverk Eurelectric er að móta sameiginlega stefnu raforkugeirans í Evrópu og hafa áhrif á stefnumótun ESB á því sviði. Aðild Samorku að Eurelectric er kostuð sérstaklega af fimm aðildarfyrirtækjum samtakanna – HS Orku, Landsvirkjun, Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur og RARIK. Samorka á fulltrúa í nokkrum nefndum og hópum á vegum Eurelectric. Lista yfir þá má finna á





vef Samorku, <https://www.samorka.is/erlent-samstarf/>. Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku ekki ársfund Eurelectric í Flórens í ár þar sem hann var haldinn á sama tíma og Fagþing rafmagns fór fram.

#### NORDENERGI

Raforkusamtökin á Norðurlöndum hafa með sér formlegt samstarf undir hatti Nordenergi. Aðildarsamtökin skiptast á um að reka samtökin, að Samorku undanskilinni. Framkvæmdastjóra Samorku er þó boðið að taka þátt í ársfundum og framkvæmdastjórafundum Nordenergi. Allnokkur starfsemi er á vegum Nordenergi þar sem auk ársfundar hittast framkvæmdastjórar aðildarfélaganna tvisvar til þrisvar á ári. Samorka hefur markað þá stefnu að sækja ársfundi Nordenergi en taka ekki að öðru leyti beinan þátt í starfinu nema þegar framkvæmdastjórafundir tengjast ársfundi eða stjórnarfundum Eurelectric og fulltrúi Samorku sækir umræddan fund. Ársfundur Nordenergi var haldinn dagana 13. og 14. september í Svíþjóð. Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku, sótti fundinn.


#### NORRÆNT SAMSTARF VATNS- OG FRÁVEITNA

Samorka tekur virkan þátt í norrænu samstarfi vatns- og fráveitna. Í samstarfi við önnur samtök vatns- og fráveitna er árlega skipulögð norræn ráðstefna, þar sem þemað er vatnsveitur annað árið og fráveitur hið næsta. Þá hefur tengslanetið milli fráveitusamtakanna ítrekað nýst samtökunum og aðildarfyrirtækjunum, t.d. þegar kemur að innleiðingu Evróputilskipana í íslensk lög og reglugerðir.



# SAMORKA

Samtök orku- og  
veitufyrirtækja



## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2019

|                                      | 2019               | 2018               |
|--------------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>TEKJUR</b>                        |                    |                    |
| Árgjöld                              | 137.087.373        | 117.227.560        |
| Þáttökugjöld á vorþingi              | 13.780.450         | 11.466.050         |
| Þáttökugjöld sýnenda á vorþingi      | 2.550.000          | 3.574.000          |
| Vaxtatekjur                          | 3.300.555          | 1.476.506          |
| Aðrar tekjur                         | 1.803.584          | 257.004            |
|                                      | <b>158.521.962</b> | <b>134.001.120</b> |
| <b>GJÖLD</b>                         |                    |                    |
| Laun og launatengd gjöld             | 94.727.939         | 91.398.001         |
| Skrifstofukostnaður                  | 4.713.057          | 4.841.178          |
| Húsnæðiskostnaður                    | 4.506.856          | 3.897.793          |
| Kynningarmál                         | 6.039.953          | 916.102            |
| Kostnaður vegna aðalfundar           | 3.869.813          | 5.127.494          |
| Kostnaður vegna sérfundar            | 13.614.806         | 11.590.069         |
| Kostnaður vegna útgáfustarfsemi      | 590.878            | 303.930            |
| Erlent samstarf                      | 1.816.100          | 1.371.158          |
| Annar rekstrarkostnaður              | 12.665.041         | 11.639.991         |
| Fjármagnstekjuskattur og gengismunur | 824.477            | 317.874            |
|                                      | <b>143.368.920</b> | <b>131.403.590</b> |
| <b>REKSTRARHAGNAÐUR ÁRSINS</b>       | <b>15.153.042</b>  | <b>2.597.530</b>   |

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

| EIGNIR                             | 2019               | 2018               |
|------------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>FASTAFJÁRMUNIR</b>              |                    |                    |
| Fasteign                           | 69.420.929         | 41.579.371         |
| Innréttingar og áhöld              | 4.148.290          | 840.573            |
| Hlutabréf                          | 5.250.000          | 5.250.000          |
|                                    | <b>78.819.219</b>  | <b>47.669.944</b>  |
| <b>VELTUFJÁRMUNIR</b>              |                    |                    |
| Aðrar kröfur                       | 3.299.520          | 2.767.870          |
| Fyrirframgreidd laun               | 1.357.737          | 1.397.990          |
| Bankainnistæður                    | 77.019.797         | 65.500.803         |
|                                    | <b>81.677.054</b>  | <b>69.666.663</b>  |
| <b>EIGNIR SAMTALS</b>              | <b>160.496.273</b> | <b>117.336.607</b> |
| <b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR</b>         |                    |                    |
| <b>EIGIÐ FÉ</b>                    |                    |                    |
| Stofnframlag                       | 12.000.000         | 12.000.000         |
| Óráðstafað eigið fé                | 104.862.436        | 89.709.394         |
|                                    | <b>116.862.436</b> | <b>101.709.394</b> |
| <b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>            |                    |                    |
| Ógreitt til SA                     | 1.134.490          | 939.196            |
| Ógreiddur kostnaður                | 4.383.435          | 3.445.595          |
| Ógreitt vegna fasteignakaupa       | 24.492.949         | 3.233.375          |
| Ógreidd launatengd gjöld           | 13.622.963         | 8.009.047          |
|                                    | <b>43.633.837</b>  | <b>15.627.213</b>  |
| <b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS</b> | <b>160.496.273</b> | <b>117.336.607</b> |





SAMORKA